

Ákvörðun bindiefnismagns í klæðingar, lokaskýrsla – Maí 2017. Vegagerðin og SHj ráðgjöf.

Í júlí 2016 kom út áfangaskýrsla um þetta verkefni. Í samantekt um þá skýrslu kemur eftirfarandi fram: „Við lögn tilraunakafla var mismunur á útsprautuðu magni bindiefnis haft  $\pm 0,1 \text{ l/m}^2$ . Í niðurstöðum kemur fram að litill munur er á milli kafla miðað við þetta bindiefnismagn og því var ákveðið að leggja nýja tilraunakafla sumarið 2016, þar sem mismunur er hafður  $\pm 0,2 \text{ l/m}^2$ , til að reyna að kalla fram hreinni skil milli of lítills magns bindiefnis þar sem hætta er á steinatapi, æskilegs magns og of mikils magns þar sem hætta á blæðingum eykst.“ Þessi skýrsla er að mestu samhljóða áfangaskýrslunni frá 2016, en búið að bæta við niðurstöðum tilraunanna sem þarna eru nefndar.

Niðurstöður voru þær að fyrir klæðingar með þjálbiki, þar sem etylesterar eru notaðir til þynningar biksins, er hægt að minnka magn bindiefnis um a.m.k.  $0,2 \text{ l/m}^2$  án þess að hætta sé á steinlosi. Niðurstöður fyrir bikþeytu eru ekki marktækar þar sem mikið steinlos skekkir þær. Fram kemur að steinlos í bikþeytuklæðingum kemur aðallega fram að vetri og eftir nokkrar frost/þíðu sveiflur. Nefnt er að íslensk steinefni séu vatnsdrægari en innflutt og spurt hvort það geti verið ástæða fyrir steinlosi í bikþeytuklæðingum.